

Ársskýrsla fræðslustjóra fyrir starfsárið 2019- 2020

Inngangur

Starfið á fræðslu- og tómstundasviði var með hefðbundnum hætti fram eftir hausti. Í byrjun árs 2020 setti Covid 19 faraldurinn alla heimsbyggðina á annan endann, samgöngur lögðust af, fyrirtæki lokuðu, opinber þjónusta var skert og allt gangverk samfélagsins var á hraða snigilsins. Starfsemi sveitarfélagsins á sviði fræðslu- og tómstundarmála fór ekki varhluta af þessum hremmingum en aðáunarvert var að verða vitni af því hve fljótt og örugglega starfsfólk skóla, frístundaþjónustu, Vöruhúss og íþróttamannvirkja brást við af æðruleysi, sveigjanleika og dugnaði.

Skólaþjónusta – stoðþjónusta

Á haustdögum tókst að ráða bæði talmeinafræðing og sálfræðing til að sinna sérfræðiþjónustu við börn og fjölskyldur og ráðgjöf til kennara og annars fagfólks í skólum. Var gerður samningur um verktöku við báða þessa sérfræðinga til tveggja ára og eru þær nú að ljúka fyrra starfsárinu við góðan orðstýr. Sálfræðingurinn heitir Elsa Kristjánsdóttir, hún hefur starfað sem skólasálfræðingur á þjónustumiðstöð í Reykjavík síðan 2008 og hefur því mikla reynslu af bæði leikskóla- og grunnskólamálum hvað varðar skimanir, greiningar, ráðgjöf og meðferðarviðtöl. Elsa hefur einnig reynslu af ýmis konar verktakavinnu í formi námskeiða, rannsókna m.a. kvíðanámskeiðin Klóka litla krakka og Klóka krakka ásamt HAM námskeiði fyrir unglinga með kvíða og depurð. Talmeinafræðingurinn Agnes Steina Óskarsdóttir er bæði með menntun sem talmeinafræðingur og táknmálstúlkur ásamt uppeldis- og mentunarfræði. Hún hefur starfað við sína sérfræði frá árinu 2012 m.a. hjá Grindavíkurbæ, Hveragerðisbæ og víðar á Suðurlandi, Agnes rekur nú sína eigin stofu Túlkun og tal.

Foreldranámskeið

Foreldranámskeiðið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar* hefur verið í boði, fólki að kostnaðarlausu, undanfarin tvö ár. Þrjú námskeið hafa verið haldin, þar af eitt í Örafum og alls hafa 33 einstaklingar sótt námskeiðin. Byrjað var á fjórða námskeiðinu í byrjun mars en því var frestað til haustsins eftir að Covid 19 faraldurinn brast á. Bæjarstjórn hefur samþykkt að bjóða upp á námskeiðin þátttakendum að kostnaðarlausu út árið 2020.

Leikskólinn Sjónarhóll

Þriðja starfsári leikskólans Sjónarhóls, þar af öðru á Kirkjubraut 47 lýkur í júlí n.k. Þetta skólaár voru 110 börn með leikskóladvöl í skólanum og 38 starfsmenn. Á síðasta ári var unnið ötullega gerð allra áætllana, stefna og verkferla sem viðkoma starfsemi leikskóla ásamt skólanámskrá. Unnin voru drög að skólanámskránni en í

vetur hefur sú vinna legið niðri, endanleg útgáfa námskrárinnar verður lögð fyrir fræðslu- og tómstundanevnd á hausti komnanda. Sem liður í því að styrkja faglegt innra starf skólans byrjar hvert skólaár á námskeiðum og fræðslu fyrir alla starfsmenn. Þetta árið var að auki lögð áhersla á að styrkja deildarstjóra í starfi með sérstöku námskeiði þar sem lögð var áhersla á hlutverk og ábyrgð þeirra á samstarfi, skipulagi og stjórnun inni á deildum auk foreldrasamstarfs.

Í Covid 19 ástandinu var starfsfólki og börnum skipt upp í hópa eftir deildum og var hópunum haldið aðskildum í öllu starfi. Foreldrar voru hvattir til að hafa börn sín heima eftir því sem aðstæður leyfðu og brugðust foreldrar vel við því kalli. Leikskóladvöl barnanna var stytta um eina klukkustund til að gefa starfsfólki tækifæri til að ganga frá og sótthreinsa í lok hvers dags og undirbúa móttöku barna daginn eftir.

Marianna Jónsdóttir leikskólastjóri snýr aftur til starfa eftir fæðingarorlof í október n.k. Í fjarveru hennar hefur Elínborg Hallbjörnsdóttir leyst af sem leikskólastjóri og Svava Kristín Þorsteinsdóttir hefur sinnt starfi aðstoðarleikskólastjóra. Staða starfsmannamála í Sjónarhóli í dag er sú að fleiri umsóknir berast um störf en hægt er að ráða í.

Grunnskóli Hornafjarðar

Nemendafjöldinn eykst nú milli ára, fer úr 246 s.l. skólaár í 258 í haust n.k. fjórir stíðningsfulltrúar létu af störfum nú í vor, þrír sökum aldurs, auk þess minnkaði einn við sig í stöðuhlutfalli. Stöðum stuðningsfulltrúa verður fækkað en í staðinn ráðnir inn fleiri kennarar og annað fagmenntað starfsfólk s.s. þroskaþjálfar en vel horfir í mönnunarmálum og er nú þegar búið að ráða í allar lausar stöður við skólann.

Stjórnendur og starfsfólk grunnskólans brugðust snögg og örugglega við Covid 19 faraldrinum með því að starfsfólki og nemendum var skipt upp eftir bekkjum sem voru fyrst og fremst í sinni heimastofu og var nemendum og starfsmönnum sem sinntu þeim haldið aðskildum í öllu starfi. Kennarar í list- og verkgreinum skiptu sér líka milli yngri námshópanna og unnu mest í heimastofum nemenda. List- og verkgreinakennsla var felld niður á eldra stigi en allir nemendur fengu íþróttakennslu meðan á samkomubanni stóð. Skólastarfar var óskert í 1. – 4. bekk og nánast óskert í 5. bekk. Í 6. – 10. bekk voru nemendur heima annan hvern dag vegna fjöldatakmarkana hjá eldri nemendum. Foreldrar voru hvattir til að senda börnin sín í skólann að því tilskyldu að þau væru hraust og þau eða aðrir fjölskyldumeðlimir ekki með undirliggjandi sjúkdóma.

Á skólaárinu tóku allir starfsmenn skólans þátt í starfsþróunarverkefni/námi sem unnið var í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands og sérniðið að aðstæðum og starfsmannahópi skólans. Markmiðið með verkefninu var að efla starfsfólk í að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og þróa starfshætti í kennslu og öðru starfi skólans í samræmi við stefnu stjórnvalda um menntun fyrir alla án aðgreiningar. Í náminu ígrundaði hver og einn sitt eigið starf og starfshætti, mótaði sér sýn á það hverju viðkomandi vildi breyta til að bæta starfshættina, vann með

breytingarnar og mat árangurinn í skólalok. Er það mat flestra að námið hafi eflt starfsmenn sem einstaklinga en einnig styrkt starfsmannahópinn sem heild. Ein af breytingunum sem verða gerðar á starfsemi skólans í kjölfar þessa verkefnis er að næsta vetur áætla starfsmenn að vinna meiri teymisvinnu með það að markmiði að próa fjölbreytta kennsluhætti til að koma betur til móts við þarfir allra nemenda.

Nemendur á yngsta stigi, 1. – 4. bekk fjölgaði umtalsvert síðasta skólaár sem gerði það að verkum starfsemi Kátakots rúmaðist ekki lengur í húsnæði þess. Var gripið til þess ráðs að færa hluta af starfseminni yfir í félagsmiðstöðina Þrykkjuna og ráða fleiri starfsmenn til þessara starfa. Forstöðumaður Þrykkjunnar féllst á að breyta starfshlutfalli og starfslýsingu sinni og taka þátt í frístundaþjónustu við þennan hóp. Starfið gekk vonum framár en álagið á starfsmenn var mikið. Næsta skólaár mun enn fjölga í þessum aldurshópi, nemendum á yngsta stigi mun fjölga um 12, úr 96 í 108. Til að bregðast við því hefur verið tekin ákvörðun um að þróa starfið enn betur í Þrykkjunni og nýta til viðbótar 57.5 m² rými inn af henni í þágu starfsemi Kátakots í samvinnu við forstöðumann Þrykkjunnar.

Niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins í ár benda til þess að foreldrar séu almennt ánægðir með stjórnun skólans, nám og kennslu barnanna og telja að börnum sínum líði almennt vel í skólanum. Ábendingar foreldra snúa helst að agamálum, hæfilegri þyngd námsefnis og úrvinnslu eineltismála. Samkvæmt niðurstöðum kannana sem nemendur í 6.-10. bekk tóku í september, janúar og maí s.l. eru þeir virkir í eigin námi, hafa trú á eigin vinnubrögðum og stjórn á eigin lífi aukist ennfremur er áhugi á stærðfræði er fyrir ofan landsmeðaltal. Ábendingar þeirra snúa helst að því að bæta aga í tímum til að geta einbeitt sér betur í námi.

Leik- og grunnskólinn í Hofgarði

Brynja Kristjánsdóttir er að ljúka fyrsta starfsári sínu sem skólastjóri Leik- og grunnskólans í Hogarði. Sex nemendur hófu nám við grunnskólann síðasta haust sem fækkaði niður í fjóra um jól og næsta skólaár verða þar tveir grunnskólaemendur en sjö börn í leikskólanum. Við báðar deildir skólans verða sömu starfsmenn og síðasta vetur.

Skólaárið 2021-2022 er áætlað að opna úr leikskólanum yfir í grunnskólann þannig að innangengt verður á milli og þá gefst tækifæri til að endurskoða mönnun með tilliti til samnýtingar starfsfólks milli skólastiga. Í mars meðan Covid 19 stóð yfir var grunnskóla lokað frá 23. mars og fram að páskafríi vegna þess að smit kom upp í Örafum og hluti barna og foreldra var í sóttkví en hinn hlutinn í sjálfskipaðri sóttkví. Leikskólinn lokaði í viku af sömu ástæðum. Skólastarf beggja skólastigavara óbreytt eftir páska.

Tónskóli Austur – Skaftafellssýslu

Tónskólinn hefur búið við viðvarandi fækkun nemenda undanfarin tvö til þrjú ár sem stendur enn, 62 nemendur stunduðu nám við skólann s.l. vetur. Þetta ástand leiðir

reyndar til þess að núverandi mönnun, með því að skólastjóri taki á sig aukakennslu, dekkar þá kennslu sem skólinn innir af hendi með þessum nemendafjölda.

Átta kennarar kenndu við skólann í vetur, þrír í fullu starfi, þrír í hlutastarfi og tveir stundakennarar.

Í Covid 19 faraldrinum var öll kennsla óskert nema samspil (hljómsveitir) féll niður. Nokkrir nemendur voru í sóttkví hluta eða allan tímann og var þeim flestum kennt í fjarkennslu. Lögð var áhersla á að nemendur héldu sér í þjálfun og dyttu ekki úr námi og var fjarkennslan góð leið til þess, Skortur á hljómsveitaræfingum var bættur upp eftir skólalok þá voru æfingar með eldri nemendum í smærri hljómsveitum og eldri og yngri lúðrasveit æfðu fram til 17. júní.

Íþróttamiðstöð – skipulag íþróttamála og unglingsmót UMFÍ.

Stærsta verkefnið hjá íþróttamiðstöðinni var að vinna að skipulagi og framkvæmd Unglingsmóts UMFÍ um verslunarmannahelgina 2019. Fjöldi þátttakenda í mótinu var 960, 448 stúlkur og 512 drengir. Í skoðanakönnun eftir mótið svöruðu 98.8% gesta og þátttakenda því til að þeim hefði líkað vel eða mjög vel á mótinu.

Öllum íþróttamannvirkjum var lokað mánudaginn 23. mars og starfsmenn fengnir til að sinna öðrum verkefnum. Sumir starfsmenn sinntu verkefnum grunnskólanum, tekin voru extra þrif í íþróttahúsunum, skipt um gólfefni á anddyri sundlaugar, kerin tæmd og nýjum eftirlitsmyndavélum komið fyrir og auka viðhaldi sinnt, bæði í sundlaug, Báranni og á völlum.

Öll íþróttamannvirkin voru opnuð fyrir almenna íþróttaiðkun í samræmi við fyrirmæli almannavarna um hópastærðir þann 4. maí og hefur takmörkunum verið aflétt jafnt og þétt í samræmi við breytingar á fyrirmælum.

22. júní 2020
Ragnhildur Jónsdóttir
Fræðslustjóri